

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2022
UST202201-074/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hlið - sjóvörn meðfram landi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 7. janúar 2022, um leyfi til framkvæmda innan Hliðs.

Hlið er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 606/2020. Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf innan fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og þess gætt að raska ekki líffræðilegri fjölbreytni svæðisins. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan fólkvangsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að lengja sjóvörn sem fyrir er á svæðinu um 106 metra til vesturs í sunnanverðri Helguvík. Teikningar og kort sem sýna staðsetningu framkvæmdarsvæðis og hönnun sjóvarnarinnar fylgdi með umsókn. Framkvæmdin er í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Að verkinu koma tveir menn með beltagröfu og vörubílar. Framkvæmd færir fram utan varp og ungatíma fugla og er áætlað að henni ljúki fyrir 1. september 2022.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið. Til skamms tíma getur verkefnið haft neikvæð áhrif á náttúrfar rétt á meðan framkvæmdin fer fram. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Vegagerðinni fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð sjóvarnar innan Hliðs sbr. lýsingu hér að ofan frá 15. júlí til 1. desember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir verktaka og starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka beltagröfu og vörubílum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti.
- Tryggja skal að aðgengi gesta svæðisins skerðist ekki.
- Takmarka skal framkvæmdartímann.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur